

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 1860.
 Íslandi, um veitingahús í Reykjavík. 11. október.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 14. júlímánaðar er síðast leið, sent eptirrit af umkvörtun til dómsmálastjórnarinnar frá eigendum veitingahúss þess í Reykjavík, sem kallað er „Scandinavia“, yfir því, að þér, meðan þér gengduð stiptamtmannsstörfum í fjærveru Trampe greifa, hafið veitt Jörgensen, er fyrrum var veitingamaður í gesthúsi þessu, leyfi til að hafa almennt veitingahús í Reykjavík, þrátt fyrir þó að leyfi það, er þeim sjálfum fyrr meir var veitt, heimilaði þeim að þeirra álitu nokkurskonar einkarétt til að hafa veitingahús í bæ þessum, meðan þar væri ekki þörf á fleiri veitingahúsum; hafið þér í bréfi yðar meðal annars getið þess, að það sé ekki rétt hermt, er sagt er í umkvörtuninni, að Jörgensen hafi hjá yður fengið nýtt leyfisbréf, þareð þér hafið aðeins lýst því yfir, þegar hann spurðist fyrir um þetta efni hjá yður, að leyfisbréf frá 29. marzmánaðar 1856, er honum var veitt til að hafa veitingar og hýsa gesti í húsinu „Scandinavia“, heimili honum að halda áfram þessum atvinnuvegi sínum annarstaðar í Reykjavík; kveðist þér enn vera á þessu, með því leyfisbréf það, er nú var nefnt, eigi hafi verið veitt Jörgensen sem þjóni þeirra, er voru eigendur að veitingahúsinu „Scandinavia“, en sé sérstakt leyfisbréf, er gildi fyrir hann sjálfan; hafi hann og, eins og honum hafi verið boðið, keypt borgarabréf og unnið borgaraeð sem gestgjafi og veitingamaður.

Dómsmálastjórnin skal nú um þetta efni geta þess, að yður, herra stiptamtmaður, hlýtur að hafa sætt yfir það, að í leyfisbréfi því, er eigendur veitingahússins „Scandinavia“ fengu 8. febrúarmánaðar 1856, er það með berum orðum tekið fram, að þeir ættu að láta mann, er til þess hefði fengið leyfisbréf amtmanns, veita forstöðu gestgjafahúsi þessu og veitingahúsi, og að þeir því ekki gátu látið eitthvert af hjúum sínum, er ekkert leyfisbréf hefði til þess fengið, hafa þetta á hendi; svo er og leyfisbréf það, er Jörgensen samkvæmt þessu var veitt, með berum orðum takmarkað við, að hann megi hafa

1860. 11. október. veitingar í húsinu „Scandinavia”, og er einnig í leyfisbréfi þessu skýrskotað til þess, að hann sé ráðinn til að vera forstöðumaður veitingahússins; það er því ljóst, að hann á ekki með að hafa veitingahús neinstaðar annarstaðar í Reykjavík, nema hann til þess fái nýtt leyfisbréf. En dómsmálastjórnin ætlar sér sjálf að skera úr því, hvort ástæða sé til að veita honum slíkt leyfisbréf, ef hann enn æskir þess; en áður en lengra sé farið út í þetta mál, eruð þér beðnir að útvega álit bæjarfógetans og bæjarstjórnarinnar um þetta atriði, og senda það síðan hingað með athugasemdum sjálfs yðar.

Að endingu eruð þér beðnir að birta þenna úrskurð dómsmálastjórnarinnar eigendum veitingahússins „Scandinavia”, Jørgensen og bæjarfógetanum í Reykjavík.

12. október. 58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanusins yfir norður- og austurumdæminu, um tekjur er standa inni hjá sýslumönnum.

Af skýrslu, er hingað hefir verið send, er dómsmálastjórninni orðið það kunnugt, að þeir menn, sem hafa á hendi þann starfa að rannsaka íslenska reikninga, hafa við lauslega yfirskoðun reikninga, er komið hafa frá Íslandi fyrir árið 1859 og fyrir fjárhagsárið, er nær frá 1. aprílm. 1859 til 31. marzmánaðar 1860, orðið þess varir, að ýmsar tekjur, sem fyrir löngu síðan áttu sér gjalddaga, eru enn inni standandi hjá þeim embættismönnum, sem þær áttu að heimta, og um sumar tekjur er svo frá skýrt í reikningunum, að fæð sé borgað í jarðabókarsjóð Íslands eður í aðalféhirzlu ríkisins, án þess fyrir þessu sæu nokkur skilríki með reikningunum.

Af þessum ástæðum finnur dómsmálastjórnin sér skylt að skora á yður, herra amtmaður, að gæta þess nákvæmlega framvegis, að enginn gjalldiður í reikningum þeim, sem til yðar koma úr norður- og austurumdæminu, má vera án nægra skýrteina um, hvernig gjörð hafi verið skil fyrir fænu; en komi slíkt fyrir í reikningunum, eigið þér, með því að neyta þeirra